

Sameiginleg hugverk

Hafliði K. Lárusson

**Sjávarútvegsráðstefnan
Hörpu, 17. nóvember 2017**

Yfirlit

- Aðstæður þar sem hugverk lenda í sameign aðila
- Helstu samningsatriði
- Dæmi um samningsákvæði (og helstu hættur)

Sameiginleg hugverk (1)

- Verða til í rannsóknar- og þróunarverkefnum fleiri en eins aðila
- Einkaaðilar eingöngu eða einkaaðilar ásamt opinberum aðilum/mennta- og rannsóknarstofnunum
- Dæmi sem tengjast sjávarútvegi:
 - Uppfinningar/einkaleyfi (einkaleyfishæfi, þ.e. nýnæmi, frumleiki og hagnýting í atvinnustarfsemi?)
 - Tækni- og atvinnuleyndarmál (varðveitt sem trúnaðarupplýsingar)
 - Hönnunarréttur (útlit vöru eða hluta vöru)
 - Höfundarréttur í hugbúnaði

Sameiginleg hugverk (2)

- Skilja á milli:

- 1) „Bakgrunnshugverk“: Hugverk, sem hvor aðila átti fyrir og veitir aðgang að í sambandi við verkefnið (séreign þess aðila)

- 2) „Forgrunnshugverk“: Hugverk, sem þróað er í sambandi við verkefnið:

- a) Forgrunnshugverk, sem einn aðili þróar án þátttöku hins aðilans (séreign þess aðila)

- b) Forgrunnshugverk, sem aðilar þróa í sameiningu, með þeim hætti að ekki er hægt að skilja á milli framlags hvors aðila (sameign aðila)

Helstu samningsatriði (1)

- „Óskipt“ sameign
- Semja um notkun og skiptingu, fremur en að byggja á almennum reglum
- Nýta samningsfrelsið og fer eftir aðstæðum (og samningsstöðu) hverju sinni, t.d. hvort jafnvægi er í framlagi hvors aðila
- Ýmsar útfærslur og einnig mismunandi eftir því hvort samningar tengjast opinberum styrkjum eða ekki

Helstu samningsatriði (2)

- Helstu atriði, sem að semja þarf um:
 - Hvor skráir hugverkaréttindin (ef skráningarhæf)
 - Hvor ver hugverkaréttindin
 - Notkun hvors aðila á sameiginlega hugverkinu í eigin starfsemi
 - Réttur til að birta rannsóknarniðurstöður
 - Réttur hvors aðila að veita þriðja aðila nytjaleyfi að sameiginlega hugverkinu
 - Hugsanlegur kaupréttur annars á hlut hins
 - Kostnaður og greiðslur varðandi ofangreind atriði
 - Hvernig leysa skal úr ágreiningi

Dæmi um samningsákvæði (1)

(styrkjasamningur með opinberum aðilum)

- Forgrunnshugverk verða sameign ef þróuð í sameiningu, en ekki hægt að:
 - Greina á milli framlags hvors aðila eða
 - Skilja á milli með þeim hætti að hægt sé að fá aðskilin skráð hugverkaréttindi (t.d. einkaleyfi)
- Hvor aðila má nýta sjálfur og/eða veita þriðja aðila almennt nytjaleyfi („*non-exclusive licence*“) að sameiginlega hugverkinu ef:
 - Hinum aðilanum er tilkynnt um slíkt með 45 daga fyrirvara
 - Hinn aðilinn fær „eðlilegt og sanngjarnt“ endurgjald fyrir
- Hvor aðila má nýta sameiginlega hugverkið í rannsóknar- og kennsluskyni, án þess að þóknun komi fyrir (og virða skal trúnaðarskyldur)
- Aðilar eru hvattir til að semja nánar um meðferð á sameiginlegum hugverkum í sérstökum samningi

Dæmi um samningsákvæði(2) (þróunarsamningur á milli einkaaðila)

- Hugverk þróuð í sameiningu skulu verða óskipt sameign aðila
- Ef hugverkin eru hæf til skráningar, skal aðili [A] vera ábyrgur fyrir skráningu og viðhaldi á skráningu (t.d. einkaleyfi), en aðili [B] skal taka þátt í kostnaði við slíkt
- Gagnkvæmt og endurgjaldslaust almennt nytjaleyfi („*non-exclusive cross-licence*“) að sameiginlegu hugverki til notkunar í starfsemi hvors aðila og heimild til að veita þriðja aðila slíkt nytjaleyfi

Sjávarútvegsráðstefnan 2017